



FUNDARGERÐ 448. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 21. maí 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur á skrifstofum SORPU að Gylfaflöt 5 og fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Ágúst Bjarni Garðarsson varaformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarki Bjarnason í forföllum Kolbrúnar Þorsteinsdóttur, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Sabine Leskopf í fjarveru Lífur Magneudóttur.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir: Skúli Þór Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa grænna lausna, sitja fundinn undir lið 1.

Tekið fyrir

1. Vitundarvakning um loftslagsmál í grunnskólum – Kynning

Skúli Þór Helgason og Jón Ágúst Þorsteinsson kynna Vitundarvakningu um loftslagsmál í grunnskólum.

Stjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar og felur framkvæmdastjóra að kalla eftir frekari upplýsingum um verkefnið.

2. Útflutningur á brennanlegum úrgangi – Minnisblað

Framkvæmdastjóri leggur fram og gerir grein fyrir minnisblaði um útflutning á brennanlegum úrgangi.

3. Gjaldskrárbreytingar – Kynning

Sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni gerir grein fyrir vinnu við breytingar á gjaldskrá SORPU.

4. Endurnýjun á samningi um rekstur grenndarstöðva

Framkvæmdastjóri kynnir tillögu um framlengingu á samningi um rekstur grenndarstöðva til eins árs.

Stjórn samþykkir að framlengja gildandi samning um rekstur grenndarstöðva samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra um eitt ár.

5. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður föstudaginn 28. maí klukkan 09:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 15:15.